

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 432/2012

2013/EES/20/08

frá 16. maí 2012

um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfilegar fullyrðingar.
- 2) Í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að aðildarríki skuli senda framkvæmdastjórninni landslista (e. national list) yfir heilsufullyrðingar er varða matvæli, eins og um getur í 1. mgr. 13. gr. þeirrar reglugerðar, eigi síðar en 31. janúar 2008. Landslistum yfir fullyrðingar skulu fylgja þau skilyrði sem gilda um þær og tilvísanir í viðeigandi, vísindalegan rökstuðning.
- 3) Í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli samþykkja, að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. þeirrar reglugerðar, og öll nauðsynleg skilyrði fyrir notkun þeirra eigi síðar en 31. janúar 2010.
- 4) Hinn 31. janúar 2008 höfðu framkvæmdastjórninni borist listar með yfir 44 000 heilsufullyrðingum frá

aðildarríkjunum. Athugun á landslistunum leiddi í ljós að vegna margra tvítekninga og í kjölfar viðurðna við aðildarríki reyndist nauðsynlegt að taka landslistana saman í samsteyptan lista yfir þær fullyrðingar sem Matvælaöryggisnefndin átti að veita vísindalega ráðgjöf um, hér á eftir nefndur „samsteyptur listi“ (e. consolidated list) ⁽²⁾.

- 5) Hinn 24. júlí 2008 sendi framkvæmdastjórnin Matvælaöryggisstofnuninni formlega beiðni um vísindalegt álit skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 ásamt umboði og fyrsta hluta samsteypta listans. Síðari hlutar samsteypta listans voru sendir í nóvember og desember 2008. Framkvæmdastjórnin lagði lokahönd á samsteypta listann með viðbót sem var framsend Matvælaöryggisstofnuninni 12. mars 2010. Í kjölfarið drógu aðildarríki til baka nokkrar fullyrðingar í samsteypta listanum áður en Matvælaöryggisstofnunin gat metið þær. Vísindalegu mati Matvælaöryggisstofnunarinnar lauk með birtingu álita hennar á bilinu október 2009 til júlí 2011 ⁽³⁾.
- 6) Við mat sitt komst Matvælaöryggisstofnunin að raun um að nokkrar framlagðar fullyrðingar tóku til mismunandi fullyrtra áhrifa eða vísuðu til sömu fullyrta áhrifanna. Þar af leiðandi getur verið að heilsufullyrðing, sem fjallað er um í þessari reglugerð, standi fyrir eina eða fleiri af færslunum í samsteypta listanum.
- 7) Að því er varðar margar heilsufullyrðingar komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að orsakatengsl hefðu verið staðfest milli tiltekins matvælaflökks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra og fullyrta áhrifanna. Heilsufullyrðingar sem samsvara þeim niðurstöðum og uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skulu leyfðar skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og hafðar með á lista yfir leyfilegar fullyrðingar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

(2) <http://www.efsa.europa.eu/en/ndaclaims13/docs/ndaclaims13.zip>

(3) <http://www.efsa.europa.eu/en/topics/topic/article13.htm>

- 8) Í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að leyfilegum heilsufullyrðingum verði að fylgja öll nauðsynleg skilyrði (þ.m.t. takmarkanir) fyrir notkun þeirra. Til samræmis við það skal listinn yfir leyfilegar fullyrðingar innihalda orðalag viðkomandi fullyrðinga og sértæk skilyrði fyrir notkun þeirra og, eftir því sem við á, skilyrði eða takmarkanir varðandi notkun og/eða viðbótaryfirlýsingu eða viðvörðun, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 9) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur. Að því er þetta varðar skal taka tillit til orðalags og framsetningar slíkra fullyrðinga. Ef orðalag fullyrðinga felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og orðalag leyfilegrar heilsufullyrðingar vegna þess að það staðfestir sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflökks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar skulu fullyrðingarnar lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind fyrir leyfðar heilsufullyrðingar.
- 10) Framkvæmdastjórnin hefur greint ýmsar fullyrðingar, sem voru lagðar fram til mats, þar sem vísað er til áhrifa plöntu- eða jurtaefna, sem almennt eru nefnd „grasafræðileg“ efni, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur ekki lokið við vísindalegt mat á. Að auki eru ýmsar heilsufullyrðingar sem annað hvort þarf að meta frekar áður en framkvæmdastjórnin getur tekið afstöðu til þess hvort rétt sé eða ekki að færa þær inn á listann yfir leyfilegar fullyrðingar, eða sem búið er að meta en framkvæmdastjórnin getur ekki, vegna annarra lögmætra þátta, lokið athugun sinni á að svo stöddu.
- 11) Fullyrðingar, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur ekki lokið við að meta né framkvæmdastjórnin tekið afstöðu til, verða birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar⁽⁴⁾ og halda má áfram að nota þær skv. 5. og 6. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.
- 12) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 verða heilsufullyrðingar að byggjast á almennt viðurkenndum rannsóknaniðurstöðum. Til samræmis við það skal ekki leyfa heilsufullyrðingar, sem Matvælaöryggisstofnunin mat ekki jákvætt að því er varðar vísindalegan rökstuðning þeirra, vegna þess að ekki var komist að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl hefðu verið staðfest milli matvælaflökks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra og fullyrtu áhrifanna. Einnig má á lögmætan hátt synja leyfis ef heilsufullyrðingar uppfylla ekki aðrar almennar og sértækar kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, jafnvel þó að jákvætt vísindalegt mat frá Matvælaöryggisstofnuninni liggja fyrir. Ekki skal nota heilsufullyrðingar sem eru í ósamræmi við almennt viðurkenndar meginreglur um næringu og hollustu. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að í tilviki einnar fullyrðingar⁽⁵⁾ um áhrif fitu á eðlilega upptöku fituleysanlegra vítamína og annarar fullyrðingar⁽⁶⁾ um áhrif natríums á viðhald eðlilegrar vöðvastarfsemi hefði orsakasamband verið staðfest. Hins vegar myndi notkun þessara heilsufullyrðinga senda neytendum mótsagnakennd og ruglandi skilaboð vegna þess að hún myndi hvetja til neyslu þessara næringarefna sem evrópsk, landsbundin og alþjóðleg yfirvöld ráðleggja neytendum, á grundvelli almennt viðurkenndrar vísindalegrar ráðgjafar, að taka inn í minna magni. Þar af leiðandi eru þessar tvær fullyrðingar ekki í samræmi við a-lið annarar málsgreinar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 þar sem kveðið er á um að notkun fullyrðinga megi hvorki vera tvíræð né villandi. Við þetta skal bæta að jafnvel þótt viðkomandi heilsufullyrðingar væru einungis leyfðar við sérstök notkunarskilyrði og/eða ef þeim fylgdu viðbótaryfirlýsingar eða viðvaranir, þá myndi það ekki duga til að draga úr ruglingi hjá neytendum og af þessum sökum skal ekki leyfa fullyrðingarnar.
- 13) Þessi reglugerð skal koma til framkvæmda innan sex mánaða frá gildistökudegi hennar til að gera stjórnendum matvælaofyrirtækja kleift að laga sig að kröfum hennar, þ.m.t. bann, skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við þeim heilsufullyrðingum sem Matvælaöryggisstofnunin hefur lokið við að meta og framkvæmdastjórnin tekið afstöðu til.
- 14) Í 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli koma á fót og viðhalda fullyrðingaskrá Evrópusambandsins yfir næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli, hér á eftir nefnd „fullyrðingaskráin“. Fullyrðingaskráin skal innihalda allar leyfilegar fullyrðingar og m.a. notkunarskilyrðin sem gilda um þær. Fullyrðingaskráin mun einnig innihalda lista yfir heilsufullyrðingar, sem hefur verið hafnað, ásamt ástæðum fyrir höfnun þeirra.
- 15) Heilsufullyrðingar, sem aðildarríkin hafa dregið til baka, skulu ekki færðar inn á listann í fullyrðingaskrá Sambandsins yfir fullyrðingar sem hefur verið hafnað. Fullyrðingaskráin skal uppfærð reglulega og, eftir því sem við á, í kjölfar árangurs í málsmæðferð heilsufullyrðinga sem Matvælaöryggisstofnunin hefur ekki lokið við að meta og/eða framkvæmdastjórnin ekki enn tekið afstöðu til.
- 16) Við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð hafa athugasemdir almennings og áhugasamra hagsmunaaðila, sem framkvæmdastjórninni hafa borist, og sjónarmið þeirra verið tekin til athugunar á fullnægjandi hátt.
- 17) Íblöndun efna í matvæli eða notkun efna í þeim, sem og því hvort vörur eru flokkaðar sem matvæli eða lyf, er stjórnað með sértækri löggjöf Sambandsins og landslöggjöf. Hver sú ákvörðun sem tekin er varðandi heilsufullyrðingu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1924/2006, t.d. um að færa hana inn á listann yfir leyfilegar fullyrðingar sem um getur í 3. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, er ekki heimild

⁽⁴⁾ http://ec.europa.eu/food/food/labellingnutrition/claims/index_en.htm

⁽⁵⁾ Corresponding to entries ID 670 and ID 2902 in the consolidated list.

⁽⁶⁾ Corresponding to entry ID 359 in the consolidated list.

til að setja á markað það efni sem fullyrðingin er gerð um, ákvörðun um hvort nota megi viðkomandi efni í matvælum né flokkun tiltekinnar vöru sem matvæla.

- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfilegar heilsufullyrðingar

1. Listi yfir heilsufullyrðingar sem má nota varðandi matvæli, eins og um getur í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Heilsufullyrðingar, sem um getur í 1. mgr., má nota varðandi matvæli í samræmi við þau skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LEYFILEGAR HEILSUFULLYRÐINGAR

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælanna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Virk viðarkol	Virk viðarkol stuðla að því draga úr óhóflegum vindgangi eftir máltíð	Virk viðarkol stuðla að því draga úr óhóflegum vindgangi eftir máltíð	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda 1 g af virkum viðarkolum í hverjum magnbundnum skammti. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að til að fá fram jákvæðu áhrifin þurfi að taka inn 1 g a.m.k. 30 mínútum fyrir og 1 g fljótlega eftir máltíð.	2011 9(4), 2049	1938
Alfalínólensýra (ALA)	Alfalínólensýra stuðlar að viðhaldi eðlilegs kólesterólmagns í blóðinu	Alfalínólensýra stuðlar að viðhaldi eðlilegs kólesterólmagns í blóðinu	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar alfalínólensýru eins og um getur í fullyrðingunni ÓMEGA-3-FITUSÝRUGJAFI líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006. Veita skal neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á alfalínólensýru þurfi að vera 2 g til að fá fram jákvæðu áhrifin.	2009 7(9), 1252 2011 9(6), 2203	493, 568
Arabinoxýlan unnið úr fræhvítu úr hveiti	Neysla á arabinoxýlani sem hluta af máltíð stuðlar að því að draga úr hækkun á blóðsykri eftir máltíðina	Neysla á arabinoxýlani sem hluta af máltíð stuðlar að því að draga úr hækkun á blóðsykri eftir máltíðina	Einungis má nota fullyrðinguna ef um er að ræða matvæli sem innihalda a.m.k. 8 g af trefjum, sem eru auðugar að arabinoxýlani (AX), unnar úr fræhvítu úr hveiti (a.m.k. 60% arabinoxýlan miðað við þyngd), í hverjum 100 g af nýtanlegum kolvetnum í magnbundnum skammti, sem hluta af máltíðinni. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að til að fá fram jákvæðu áhrifin þurfi að neyta trefja sem eru auðugar að arabinoxýlani (AX), sem er unnið úr fræhvítu úr hveiti, sem hluta af máltíðinni.	2011 9(6), 2205	830
Trefjar úr byggkorni	Trefjar úr byggkorni (e. barley grain fibre) stuðla að auknu rúmmáli hægða	Trefjar úr byggkorni (e. barley grain fibre) stuðla að auknu rúmmáli hægða	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda mikið af þessum trefjum, eins og um getur í fullyrðingunni TREFJARÍKUR líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.	2011 9(6), 2249	819
Betaglúkón	Betaglúkón stuðla að því að viðhalda eðlilegu kólesterólmagni í blóðinu	Betaglúkón stuðla að því að viðhalda eðlilegu kólesterólmagni í blóðinu	Einungis má nota fullyrðinguna ef um er að ræða matvæli sem innihalda a.m.k. 1 g af betaglúkónum úr höfnum, hafraklíði, byggi, byggklíði eða blöndum af þessum gjöfum í hverjum magnbundnum skammti. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á betaglúkónum úr höfnum, hafraklíði, byggi, byggklíði eða blöndum af þessum betaglúkónum þurfi að vera 3 g til að fá fram jákvæðu áhrifin.	2009 7(9), 1254 2011 9(6), 2207	754, 755, 757, 801, 1465, 2934 1236, 1299

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflökkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvæla og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteyptu listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Betaglúkón úr höfnum og byggi	Neysla á betaglúkönunum úr höfnum eða byggi sem hluta af máltíð stuðlar að því að draga úr hækkun á blóðsykri eftir máltíðina	Einungis má nota fullyrðinguna ef um er að ræða matvæli sem innihalda a.m.k. 4 g af betaglúkönunum úr höfnum eða byggi í hverjum 30 g af nýtanlegum kolvetnum í magnbundnum skammti, sem hluta af máltíðinni. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að til að fá fram jákvæðu áhrifin þurfi að neyta betaglúkana úr höfnum eða byggi sem hluta af máltíðinni.	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvæla og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	2011 9(6), 2207	821, 824
Betáin	Betáin stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar hómósystem	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda a.m.k. 500 mg af betáini í hverjum magnbundnum skammti. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á betáini þurfi að vera 1,5 g til að fá fram jákvæðu áhrifin.	Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka yfir 4 g geti aukið magn kólesteróls í blóðinu umtalsvert.	2011 9(4), 2052	4325
Bíótín	Bíótín stuðlar að eðlilegum, orkugefum (e. energy-yielding) efnaskiptum	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar bíótíns eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1209	114, 117
Bíótín	Bíótín stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar bíótíns eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1209	116
Bíótín	Bíótín stuðlar að eðlilegum efnaskiptum nauðsynlegra frumefna	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar bíótíns eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1209 2010 8(10), 1728	113, 114, 117, 4661
Bíótín	Bíótín stuðlar að eðlilegri, sálfræðilegri starfsemi	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar bíótíns eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2010 8(10), 1728	120

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða tákmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteyptu listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Bíótín	Bíótín stuðlar að viðhaldi eðlilegs hárs	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar bíótíns eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1209 2010 8(10), 1728	118, 121, 2876
Bíótín	Bíótín stuðlar að viðhaldi eðlilegrar slímhúðar	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar bíótíns eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1209	115
Bíótín	Bíótín stuðlar að viðhaldi eðlilegrar húðar	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar bíótíns eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1209 2010 8(10), 1728	115, 121
Kalsíum	Kalsíum stuðlar að eðlilegri blóðstorknun	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kalsíums eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1210	230, 236
Kalsíum	Kalsíum stuðlar að eðlilegum, orkugæfum efnaskiptum	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kalsíums eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1210	234
Kalsíum	Kalsíum stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kalsíums eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1210	226, 230, 235
Kalsíum	Kalsíum stuðlar að eðlilegum flutningi taugaboða	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kalsíums eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1210	227, 230, 235

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Kalsíum	Kalsíum stuðlar að eðlilegri starfsemi meltingarensima	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kalsíums eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1210	355
Kalsíum	Kalsíum hefur hlutverki að gegna í frumskiptingar- og sérhæfingarferlinu	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kalsíums eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2010 8(10), 1725	237
Kalsíum	Kalsíum er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra beina	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kalsíums eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1210 2009 7(9), 1272 2010 8(10), 1725 2011 9(6), 2203	224, 230, 350, 354, 2731, 3155, 4311, 4312, 4703 4704
Kalsíum	Kalsíum er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra tanna	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kalsíums eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1210 2010 8(10), 1725 2011 9(6), 2203	224, 230, 231, 2731, 3099, 3155, 4311, 4312, 4703 4704
Lausnir kolvetna og rafkleyfra efna	Lausnir kolvetna og rafkleyfra efna stuðla að því að viðhalda þreki meðan á löngum þolæfingum stendur	Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skulu lausnir kolvetna og rafkleyfra efna innihalda 80–350 kkal/l úr kolvetnum og a.m.k. 75% orkunnar skulu koma úr kolvetnum sem kalla fram umtalsverða aukningu á blóðsykri, t.d. glúkósi, glúkósafrjöllður og súkrósi. Að auki skulu þessar drykkjarvörur innihalda á bilinu 20 mmól/l (460 mg/l) og 50 mmól/l (1150 mg/l) af natríumi og hafa osmólalstyrk á bilinu 200–330 mosm/kg vatn.		2011 9(6), 2211	466, 469
Lausnir kolvetna og rafkleyfra efna	Lausnir kolvetna og rafkleyfra efna auka upptöku vatns meðan á líkamsæfingum (e. physical exercise) stendur	Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skulu lausnir kolvetna og rafkleyfra efna innihalda 80–350 kkal/l úr kolvetnum og a.m.k. 75% orkunnar skulu koma úr kolvetnum sem kalla fram umtalsverða aukningu á blóðsykri, t.d. glúkósi, glúkósafrjöllður og súkrósi. Að auki skulu þessar drykkjarvörur innihalda á bilinu 20 mmól/l (460 mg/l) og 50 mmól/l (1150 mg/l) af natríumi og hafa osmólalstyrk á bilinu 200–330 mosm/kg vatn.		2011 9(6), 2211	314, 315, 316, 317, 319, 322, 325, 332, 408, 465, 473, 1168, 1574, 1593, 1618, 4302, 4309

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Kítósan	Kítósan stuðlar að viðhaldi eðlilegs kólesterólmagns í blóðinu	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem veita 3 g daglega inntöku af kítósan. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á kítósan þurfi að vera 3 g til að fá fram jákvæðu áhrifin.		2011 9(6), 2214	4663
Klóríð	Klóríð stuðlar að eðlilegri meltingu með því að framleiða saltsýru í maganum	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar klóríðs eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VITAMINS/VITAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.	Ekki er hægt að nota fullyrðinguna um klóríð ef gjafi þess er natríumklóríð	2010 8(10), 1764	326
Kólín	Kólín stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar hómósystem	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda a.m.k. 82,5 mg af kólíni á hver 100 g eða 100 ml eða á hvern einn skammt af matvælum.		2011 9(4), 2056	3090
Kólín	Kólín stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda a.m.k. 82,5 mg af kólíni á hver 100 g eða 100 ml eða á hvern einn skammt af matvælum.		2011 9(4), 2056	3186
Kólín	Kólín stuðlar að viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrars	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda a.m.k. 82,5 mg af kólíni á hver 100 g eða 100 ml eða á hvern einn skammt af matvælum.		2011 9(4), 2056 2011 9(6), 2203	1501 712, 1633
Krómi	Krómi stuðlar að eðlilegum efnaskiptum nauðsynlegra frumefna	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar þriggilds króms eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VITAMINS/VITAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2010 8(10), 1732	260, 401, 4665, 4666, 4667
Krómi	Krómi stuðlar að viðhaldi eðlilegs glúkósamagns í blóðinu	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar þriggilds króms eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VITAMINS/VITAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2010 8(10), 1732 2011 9(6), 2203	262, 4667 4698

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteyptu listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Kopar	Kopar stuðlar að viðhaldi eðlilegra bandvefja	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kopars eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1211	265, 271, 1722
Kopar	Kopar stuðlar að eðlilegum, orkugæfum efnaskiptum	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kopars eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1211 2011 9(4), 2079	266, 1729
Kopar	Kopar stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kopars eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1211 2011 9(4), 2079	267, 1723
Kopar	Kopar stuðlar að eðlilegum litarefnum í hári	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kopars eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1211	268, 1724
Kopar	Kopar stuðlar að eðlilegum flutningi járns í líkamanum	Einingis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kopars eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1211	269, 270, 1727

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Kopar	Kopar stuðlar að eðlilegum litarhætti húðar	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kopars eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líft og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1211	268, 1724
Kopar	Kopar stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kopars eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líft og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1211 2011 9(4), 2079	264, 1725
Kopar	Kopar stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi (e. oxidative stress)	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar kopars eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMINS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líft og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1211	263, 1726
Kreatín	Kreatín bætir líkamlega frammistöðu þegar kemur að endurteknun lotum stuttra, mjög krefjandi æfinga	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem veita 3 g daglega inntöku af kreatíni. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á kreatíni þurfi að vera 3 g til að fá fram jákvæðu áhrifin.	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru ætluð fullorðnum sem stunda mjög erfiðar æfingar	2011 9(7), 2303	739, 1520, 1521, 1522, 1523, 1525, 1526, 1531, 1532, 1533, 1534, 1922, 1923, 1924
Dókóshexensýra (DHA)	Dókóshexensýra stuðlar að viðhaldi eðlilegrar heilastarfsemi	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda a.m.k. 40 mg af dókóshexensýru á hver 100 g og hverjar 100 kkal. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á dókóshexensýru þurfi að vera 250 mg til að fá fram jákvæðu áhrifin.		2010 8(10), 1734 2011 9(4), 2078	565, 626, 631, 689, 704, 742, 3148, 690, 3151, 497, 501, 510, 513, 519, 521, 534, 540, 688, 1323, 1360, 4294
Dókóshexensýra (DHA)	Dókóshexensýra stuðlar að viðhaldi eðlilegrar sjónar	Eimungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda a.m.k. 40 mg af dókóshexensýru á hver 100 g og hverjar 100 kkal. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á dókóshexensýru þurfi að vera 250 mg til að fá fram jákvæðu áhrifin.		2010 8(10), 1734 2011 9(4), 2078	627, 632, 743, 3149, 2905, 508, 510, 513, 519, 529, 540, 688, 4294

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteyptu listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Eikósapentensýra og dókóshexensýra (EPA/DHA)	Eikósapentensýra og dókóshexensýra stuðla að eðlilegri hjartastarfsemi	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar eikósapentensýru og dókóshexensýru eins og um getur í fullyrðingunni ÓMEGA-3-FITUSYRUGJAFI líkt og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á eikósapentensýru og dókóshexensýru þurfi að vera 250 mg til að fá fram jákvæðu áhrifin.		2010 8(10), 1796 2011 9(4), 2078	504, 506, 516, 527, 538, 703, 1128, 1317, 1324, 1325, 510, 688, 1360
Flúoríð	Flúoríð stuðlar að því að viðhalda kölkun tanna (e. tooth mineralisation)	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar flúoríðs eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉÐA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1212 2010 8(10), 1797	275, 276, 338, 4238,
Fólat	Fólat stuðlar að vefjavexti hjá þunguðum konum	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar fólat eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉÐA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1213	2882
Fólat	Fólat stuðlar að eðlilegri myndun aminosýra	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar fólat eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉÐA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2010 8(10), 1760	195, 2881
Fólat	Fólat stuðlar að eðlilegri blóðmyndun	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar fólat eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉÐA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1213	79
Fólat	Fólat stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar hómósystem	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar fólat eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/ÉÐA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1213	80

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/öð tákmarkanir á notkun matvælna og/öð viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Fólat	Fólat stuðlar að eðlilegri, sálfræðilegri starfsemi	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar fólats eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2010 8(10), 1760	81, 85, 86, 88
Fólat	Fólat stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar fólats eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1213	91
Fólat	Fólat stuðlar að því að draga úr þreytu og lúða	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar fólats eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2010 8(10), 1760	84
Fólat	Fólat hefur hlutverki að gegna við frumskiptingu	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem eru a.m.k. gjafar fólats eins og um getur í fullyrðingunni [HEITI VÍTAMÍNS/VÍTAMÍNA] OG/EDA [HEITI STEINEFNIS/STEINEFNA]-GJAFI líkt og skráð er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2009 7(9), 1213 2010 8(10), 1760	193, 195, 2881
Matvæli sem innihalda lítið eða skert magn mettaðra fitusýra	Minnkuð neysla mettaðrar fitu stuðlar að viðhaldi eðlilegs kólesterólmagns í blóðinu	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda a.m.k. lítið af metnuðum fitusýrum eins og um getur í fullyrðingunni LÍTIÐ AF METTAÐRI FITU eða með skert magn mettaðra fitusýra eins og um getur í fullyrðingunni SKERT INNIHALD [HEITI NÆRINGAREFNISINS] eins og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.		2011 9(4), 2062	620, 671, 4332

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvæla og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
Matvæli sem innihalda lítið eða skert magn natríums	Minnkuð neysla natríums stuðlar að viðhaldi eðlilegs blóðþrýstings	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda a.m.k. lítið natríum/salt, eins og um getur í fullyrðingunni LÍTIÐ NATRIUM/SALT eða með skert magn natríums/salts eins og um getur í fullyrðingunni SKERT INNIHALD [HEITI NÆRINGAREFNISINS] eins og tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006.	336, 705, 1148, 1178, 1185, 1420	2011 9(6), 2237	
Glúkómannan (konjakmannan)	Glúkómannan stuðlar að viðhaldi eðlilegs kólesterólmagns í blóðinu	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem veita 4 g daglega inntöku af glúkómannani. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á glúkómannani þurfi að vera 4 g til að fá fram jákvæðu áhrifin.	Vara skal við hættu á kófnun fyrir fólk sem á í erfiðleikum með að kyngja eða við inntöku samhlíða ónógrri vökvainntöku — ráðlagt er að taka inn með miklu vatni til að tryggja að efnið nái niður í magann.	2009 7(9), 1258 2010 8(10), 1798	836, 1560, 3100, 3217
Glúkómannan (konjakmannan)	Glúkómannan stuðlar að þyngdartapi, sé það tekið inn sem hluti af orkusnaudu mataræði	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem innihalda 1 g af glúkómannani í hverjum magnbundnum skammti. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á glúkómannani þurfi að vera 3 g í þremur skömmtum, sem eru 1 g hver, ásamt einu til tveimur glósum af vatni, fyrir máltíðir og sem hluti af orkusnaudu mataræði.	Vara skal við hættu á kófnun fyrir fólk sem á í erfiðleikum með að kyngja eða við inntöku samhlíða ónógrri vökvainntöku — ráðlagt er að taka inn með miklu vatni til að tryggja að efnið nái niður í magann.	2010 8(10), 1798	854, 1556, 3725,
